ORKA OG OLÍA 4 - 5

Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

15.tbl. 5.árg. 14.ágúst - 27.ágúst 1979 Sími 28962 Verð kr. 200.

Frá aðgerðum SHA 1978.

21. ágúst í ár verða aðgerðir á vegum Samtaka herstöðvaandstæðinga til að mótmæla innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu árið 1968 og hernámi því sem enn stendur. Í blaðinu er ýmislegt efni, sem tengist þessum atburðum og aðgerðum, m.a. viðtal við félaga í starfshópi miðnefndar

Gerum 21. ágúst sem glæsilegastan í ár!

VAR SAGT UPP MEÐ EINS DAGS FYRIRVARA

–Viðtal við Guðnýju Óladóttur

3

Sóknar kona skrifar:

Að vera tölur á blaði

7

Sparnaðarhnífurinn er á lofti

Sparnaðarhnífurinn er á lofti. Sem endranær er ráðist á þá þætti, sem ekki gefa af sér beinan hagnað í krónum og aurum talið. Í heilbrigðiskerfinu, fyrst og fremst á ríkisspítölunum á að spara 340 milljónir króna og 300 til 400 stöðugildum á að koma burt úr heilbrigðisþjónustunni fyrir 1. september. Sem dæmi má taka að á Kleppspítalanum á að fækka um 31.

Þessar uppsagnir bitna fyrst og fremst á Sóknarstúlkum, sjúkraliðum og starfsmönnum í BSRB.

Verkalýðsblaðið hafði samband við Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, formann starfsmannafélagsins Sóknar, til að fá ná nánari upplýsingar um þetta mál.

Aðalheiður sagði ma. að enn hefði ekki verið mikið um uppsagnir, fækkunin ætti fyrst og fremst að fara fram á þann hátt, að ekki yrði ráðið í nýjar stöður.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

Hún benti á það að þessi fækkun þýddi, að annað hvort hefðu sjúkrahúsin verið full af óþarfa fólki eða að það ætti að skerða þjónustu við sjúka og ganga þannig skerf aftur á bak. Aðalheiður sagði, að fyrir sitt leyti, væri hún viss um að ekki hefði verið ofráðið af starfsstúlkum á sjúkrahúsin og því þýddi þetta skerta þjónustu og aukið álag á það fólk, sem yrði eftir.

Ekkert samband hefur

2

Samtök herstöðvaandstæðinga:

Efna til aðgerða 21. ágúst

Gengið milli sendiráða

Samtök herstöðvaandstæðinga (SHA) hafa ákveðið að standa fyrir baráttuaðgerðum 21. ágúst nk. til að styðja frelsisbaráttu og lýðréttindabaráttu Tékka og Slóvaka og berjast gegn hernámi Sovétrikjanna á Tékkóslóvakíu. Aðgerðirnar verða fólgnar í kröfugöngu, og mótmælastöðu við sovéska sendiráðið.

Við höfðum samband við Úlf Ólafsson, sem situr í starfshópi miðnefndar SHA, og báðum að segja okkur, hvað til stæði.

Framhald á bls. 8

1. Heri Sovétríkjanna burt frá Tékkóslóvakíu!
2. Ísland úr NATO – herinn burt!
3. Styðjum baráttu Tékka og Slóvaka fyrir lýðréttindum – styðjum Charta 77!

Enn eru sovéskir hermenn á tékkneskri grund.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Styðjum baráttu Tékka og Slóvaka

Tékkóslóvakía 1968. - Það er sumar og águst. Sá 21. nálgast. Fólk spókar sig í miðborg Prag. Þar eru engir hermenn, en heilagur Venselas trónir á stalli fyrir framan safnbygginguna fyrir enda aðalgötunnar.

Óvænt, eins og þruma úr heiðskýru lofti fylltust göturnar af rússneskum hermönnum og skriðdrekum. Það var skotið. Í reiði og andúð sameinaðist tékknesk alþýða um að gera innrásarliðinu sem mest ógagn. Í svip allrar þjóðarinnar lýsti fordæmingin. Vopnuð andstaða var ekki fyrir hendi- fyrir því hafði falskur áróður um "sósíalískan bróðurkærleika" séð.

Nú 11 árum síðar er tékkneska þjóðin enn nær einhuga. Farg sovéska fasismans hvílir þungt á þjóðinni. Það er enn veitt mótspyrna og haft í frammi andóf. Baráttan hefur tekið á sig fastari form. Höfuðvíglínan liggur um baráttu fólksins fyrir rétti til þess að lifa frjálst - prentfrelsi, málfrelsi, leik- og söngfrelsi.

21. ágúst 1968 bárust fréttirnar um að rússneski járnhællinn hefði troðið á alþýðu Tékkóslóvakíu. Við sem heldum að þarna væru vinir! 21. ágúst 1979 erum við 11 ára reynslu ríkari um það hvers eðlis rússneski járnhællinn er, til hvers hann er notaður - Erítrea, Afganistan, Víetnam, Jemen, Angóla o.fl. Þarna hafa rússneskir járnhælar sett mark sitt á jörð alþýðunnar.

21. ágúst 1979 er dagur til þess að láta í ljósi fyrirlitningu sína á óðæðinu sem framið var grímulaust í Tékkoslóvakíu fyrir 11 árum og varir enn. Þá er lag til að sameina enn stærri fjölda en tékknesku þjóðina um andóf og fordæmingu. Þennan dag verða þúsundir á ferð um allan heim með vígorð gegn stríðsbrölti rússnesku böðlanna.

Það er mikilvægt að við tökum þátt, að við gerumst þátttakendur með tékkum og slóvökum, með alþýðunni í A-Evrópu, með stríðandi alþýðu vítt um allan heim. Alls staðar er alþýðan þau strá sem járnhællinn vill troða á.

21. ágúst standa Samtök herstöðvaandstæðinga fyrir aðgerðum hér á landi. Þau samtök stóðu einnig fyrir aðgerðum í fyrra. Með þessu starfi gefa Samtök herstöðvaandstæðinga öllum samherjum tékka og slóvaka, öllum andstæðingum þess að stórir hernaðarrisar troði smáþjóðirnar niður í svaðið, tækifæri á að sýna hug sinn.

Lesandi, þú ættir að grandskoða hug þinn áður en þú ákveður að taka ekki þátt þann 21i ágúst n.k. Sértu fylgjandi því að þú og vinir þínir fái að hafa réttinn til að skrifa og lesa í friði, þá ertu sammála. Fyrir þessu er barist í Tékkóslóvakíu í dag.

Sumarbúðir Verkalýðsblaðsins

Umræður góðar – lélegt skipulag



Sumarbúðir Verkalýðsblaðsins voru haldnar um Verslunarmannahelgina í ágætu veðri að Félagsgarði í Kjós. Þátttakendur voru um 70, börn og unglingar meðtalin, og er það talsvert færra en í fyrra. Þessar sumarbúðir tókust að flestra dómi misjafnlega, - þ.e. að umræður voru vel heppnaðar, en allt skipulag búðanna mjög í lamasessi. Var ljóst, að í mjög fáu hafði reynslan frá því í fyrra verið notuð. T.d. endurtóku sig vandkvæði með mat, of þétta dagskrá o.fl. I sumum atriðum var um afturför að ræða frá því í fyrra, t.d. hvað varðar stundvísi og að halda áætlanir. Veggblaðaumræða komst seint af stað, en varð lífleg undir lokin. Pólitískar umræður á búðunum snerust um kjarabaráttuna og verkalýðshreyfinguna, og voru þátttakendur ánægðir með bæði hópaumræður og almennar umræður.

Í einu skipulagslegu atriði þótti um töluverða framför að ræða frá því í fyrra, en það er varðandi barnastarf. Í þetta sinn starfaði fast fólk allan tímann með börnunum og unglingunum og reynt var að hafa fjölbreytta dagskrá. Mun ekki ofmælt að börnin og unglingarnir hafi verið ánægðasti hópurinn í lok búðanna.

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið ætla ekki að láta það endurtaka sig, að reynsla af sumarbúðum eins árs glatist og nýtist ekki næsta ár. Þess vegna eru þátttakendur hvattir til að skrifa hjá sér hvaðeina er þeim kemur í hug, að geti orðið til ábendingar, og senda samtökunum eða blaðinu.

Sparnaðarhnífurinn er á lofti

Framhald af forsíðu

verið haft við Sókn, vegna þessarra fyrirætlana, fréttir af þessu hafa aðeins fengist gegnum fjölmiðla. Stjórn ríkisspítalanna álítur þetta greinilega vera minniháttar mál.

Aðalheiður sagði, að hún hefði óskað sérstaklega eftir samstarfi við félag sjúkraliða og BSRB vegna þessa máls. Hún lagði áherslu á mikilvægi þessa samstarfs og bjóst við að það kæmi til framkvæmda í einhverri mynd seinna í sumar eða í haust.

Verkalýðsblaðið fordæmir þessar tilraunir ríkisvaldsins til að vekja upp atvinnuleysisdrauginn og stórskerðingu á þjónustu við sjúka og aldraða. Blaðið vill sérstaklega leggja áherslu á að komið verði á samstarfi allra þeirra aðila, sem hlut eiga að þessu máli, sóknarkvenna, sjúkraliða, starfsmanna í BSRB, lækna og mögulega einnig þolendanna, sjúklinganna. Ef við gerum ekkert, vinnur ríkisvaldið sigur á okkur í þessu máli.

Blaðið ræddi einnig við Sigríði Kristinsdóttur formann Sjúkraliðafélags Íslands.

- Nú hefur verið tilkynnt, að ætlunin sé að fækka um 3-400 stöður á ríkisspítulunum á næstu þremur mánuðum. Hvernig mun þessi niðurskurður bitna á ykkar félagi?

Sigríður: Fækkun starfsfólks hefði í för með sér aukið vinnuálag og þar með lélegri þjónustu við sjúklingana. Hún myndi einnig leiða af sér að fækka yrði sjúkrarúmum, því sjúkrahúsin eru nú þegar rekin með lágmarksfjölda starfsfólks. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur hins vegar ekki sér ástæðu til að hafa samband við Sjúkraliðafélagið vegna niðurskurðarins þannig að við vitum ekki nákvæmlega hvernig þetta mun bitna á okkur. Allar ákvarðanir um rekstur spítalanna eru teknar á toppnum alveg án samráðs við þá sem vinna á deildunum. Þetta bréf, sem var hengt upp á öllum deildum (Sjá bréf annars staðar á síðunni innskot Vbl.) er það eina sem sjúkraliðar hafa fengið að vita um málið. Bréfið segir almennum starfsmanni á deildunum hins vegar ekki neitt, því það stendur hvergi á deildinni hve margar stöður eru heimilaðar þar.

Þetta virðist framkvæmt þannig til þess að minnka líkurnar á því að barist verði gegn þessum ráðstöfunum, þar sem starfsfólk veit ekki hverjum á að segja upp eða hvar á að fækka fyrr en að því kemur.

- Hefur einhverjum sjúkraliðum verið sagt upp?

Sigríður: Nei, það hefur ekki komið fram en ennþá. Ég býst við að þetta muni skýrast í september, þegar sumarfríin eru búin. Það verða líka yfirleitt miklar breytingar á starfsliði sjúkrahúsanna á haustin, fólk hættir og flyst á milli deilda. Við munum hins vegar reyna að fylgjast vel með þessu og vil ég hvetja sjúkraliða til þess að hafa strax samband við félagið ef þeir frétta af uppsögnum eða verða fyrir þeim sjálfir.

Reykjavík 27.07.1979

Vegna fjárhagsvandræða Ríkisspítalanna hefur Stjórnarnefnd ákveðið á fundi 26. júlí, að stöðva allar nýráðningar starfsfólks um sinn þar til komið er í heimilaðan fjölda á viðkomandi deild, að viðbættum 7%.

Virðingarfyllst,
f.h. Stjórnarnefndar,

Davíð Gunnarsson, frk.stjóri

- Hver hafa viðbrögð ykkar verið?

Sigríður: Við héldum stjórnarfund, sem sendi frá sér ályktun, þar sem niðurskurðaráformunum er mótmælt og einnig fyrirhugaðri vinnutímastyttingu. Á fundinum kom fram fullur vilji til að standa saman með öðrum vaktavinnuhópum ef til átaka kæmi. Við vitum að það er einnig áhugi fyrir því í öðrum félögum, t.d. hefur Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir haft samband við mig og hvatt til samstöðu þessarra hópa. Sjúkraliðafélagið hefur ekki samningsrétt og er því ekki beinn samningsaðili í þessu máli. Við skrifuðum því Starfsmannafélagi ríkisstofnanna bréf, þar sem við hvöttum þá til að standa vörð um okkar samninga.

- Nú hefur stjórn ríkisspítalanna dregið til baka ákvörðunina um vinnutímastyttingu vaktavinnufólks. Hvert er þitt álit á því?

Sigríður: Þessi breyting á vinnutíma hefur lengi verið í deiglunni hjá stjórn sjúkrahúsanna eða í rúmlega ár a.m.k. Mér sýnist þeir aðeins vera að bíða eftir hentugu tækifæri til að koma þessu á, og því full ástæða til að vera á verði gagnvart því. Það hefur verið beitt ýmsum ráðum til að breyta vinnutímanum, ma. hafa ýmsar sálfræðilegar leiðir verið reyndar. Það hefur verið sagt að þarna sé aðeins verið að hugsa um hag starfsfólksins, svo konurnar geti gefið börnunum sínum morgunmat áður en þau fara í skólann á morgnana (!) eða eitthvað álíka. Meginatriðið er auðvitað að þarna er verið að reyna að spara með því að skerða kjör láglaunafólks, sem má alls ekki við því að missa neitt kaup.

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM

-Viðtal við Guðnýju Óladóttur

VAR SAGT UPP MEÐ EINS DAGS FYRIRVARA

Gangastúlku, sem ráðin var til afleysinga í einn mánuð á deild 8 á Landspítalanum, var fyrir skömmu sagt upp fyrirvaralaust, þótt sá tími sem hún réði sig til væri ekki liðinn. Verkalýðsblaðið hitti hana að máli og innti hana eftir aðdraganda uppsagnarinnar.

- Ég var ráðin til afleysinga í einn mánuð og átti að vinna til 18. ágúst. Ég hafði einnig hug á að vinna þarna lengur fram á haustið ef eitthvað losnaði. Þegar ég fékk ekki kaupið mitt fyrir júlí fór ég og talaði við forstöðukonuna. Þá sagði hún að ég yrði að hætta, ég ætti að vinna næsta dag og hætta svo.

Hvernig var ráðningarsamningi þínum háttað?

- Það var skriflegur samningur og ekkert nefnt við mig að ég mætti eiga von á þessu, fyrr en sama daginn og mér var sagt upp. Þá sagði forstöðukonan mér að komutilkynning mín hefði verið send til baka.

Hvernig brást samstarfsfólk þitt við?

- Ein konan á deildinni fór t.d. fyrir mig og talaði við Aðalheiði í Sókn. Ég vil taka það fram, að ég var mjög ánægð með vinnustaðinn og móralinn þar og þótti því slæmt að vera látin hætta.

Var þá fækkað á deildinni með því að segja þér upp?

- Nei, það var önnur manneskja látin taka við af mér. Hún var áður á skurðstofunni og búin að vinna í mánuð. Hún átti að vinna þangað til konan sem ég leysti af kæmi úr fríinu.

Fær hún þá að halda áfram þarna?

- Ég býst ekki við því en hún hafði áhuga á að fá vinnu við spítalann. Hún verður sennilega látin hætta þegar hin konan kemur.

Á að fækka á deild 8 þar sem þú vannst?

- Það er talað um að draga saman en það hefur ekkert verið gert ennþá.

Finnst þér að það megi fækka?

- Síður en svo. Á þessari deild þarf oft að sitja yfir sjúklingunum og það er aðeins ein gangastúlka á vakt. Það er algjört lágmark eins og það er núna.

Hvað ætlar þú að gera núna, hefur þú fengið aðra vinnu?

- Nei, ég hef ekkert fengið ennþá. Ég ætla að fara og tala við þær hjá Sókn til að komast að því hvaða rétt ég hef. Ég var ráðin til ákveðins tíma en síðan sagt upp fyrirvaralaust. Auk þess hef ég ekki enn fengið kaupið mitt en ég hef heyrt að það eigi að borga mér tímavinnu, sem þýðir að ég fæ ekki greidda þá frídaga sem hinir fá. Ég held að það sé ekki rétt að láta traðka svona á sér.

Hvað er félagsdómur?

Nú er félagsdómur búinn að fá deilu farmanna og skipafélaganna í sínar hendur á nýjan leik. Þegar þetta er skrifað, er dómur ekki fallinn, en út frá samsetningu dómsins er hægt að gera sér í hugarlund, hverjar niðurstöður hans muni verða.

5 dómarar eiga sæti í Félagsdómi. Hæstiréttur tilnefnir tvo og síðan þrjá aðra og af þeim tilnefnir félagsmálaráðherra einn. Síðan er einn fulltrúi atvinnurekenda og einn frá viðkomandi stéttarfélagi eða félagasambandi.

Hlutföllin eru því einn á móti fjórum. Hvers vegna segjum við það? Jú orsökin er sú, að ríkisvaldið er stéttadrottnunartæki og fulltrúar hæstaréttar og ráðherra eru allir fulltrúar þess. Eða þarf einhver vafi að leika á afstöðu ríkisvaldsins í málinu, sem setti bráðabirgðalögin á farmenn? Auk þess má benda á að þessir fulltrúar eru hluti yfirstéttarinnar og eiga samstöðu með henni bæði andlega og efnalega.

Þegar um er að ræða túlkun á lögum eins og í þessu tilviki, er ekki vafi á, hver niðurstaðan verður. Þrátt fyrir lög um 40 stunda vinnuviku, verði farmenn skyldaðir til að taka yfirvinnu eins og skipaeigendur krefjast.

Vinnuvikan er 40 stundir, en samt ..

Félagsdómur kvað einróma upp úrskurð um það að farmenn skyldu vinna. Þessi niðurstaða dómsins hlýtur að leiða til þess að fólk efist um gildi laganna um 40 stunda vinnuviku.

Í bókinni Vinnuréttur segir m.a. um yfirvinnu: "Um almenna vinnumarkaðinn er ekki að finna nein ákvæði, hvað þessu viðkemur, hvorki í lögunum um 40 stunda vinnuviku né í lögunum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Ljóst er að þar sem almennt er samið um yfirvinnu í kjarasamningu er gert ráð fyrir því að yfirvinna geti verið fyrir hendi. Almennt er hins vegar ekki kveðið á í kjarasamningum um skyldu starfsmanna til að vinna yfirvinnu þegar þess er óskað. Ekki mun Félagsdómur hafa dæmt í slíku máli....."

Um skyldur starfsmanna ríkisins segir ma. að "Starfsmanni sé skylt að vinna þá yfirvinnu sem yfirboðarar telji nauðsynlega."

Þá segir einnig að telja verði " að yfirvinnuskylda geti verið fyrir hendi ef um fasta yfirvinnu er að ræða samkvæmt samningi eða venju."

Nú hefur félagsdómur kveðið upp þann úrskurð að yfirvinnuskylda sé fyrir hendi. Það er því ljóst, að í augum yfirstéttarinnar, eru lögin um 40 stunda vinnuviku fyrst og fremst pappírsgagn.

Það er í meira lagi vafasamt af félagsdómi að skylda farmenn til yfirvinnu á þeim forsendum, að yfirvinna sé bundin í samningum þeirra. Þessum samningum höfðu farmenn sagt upp og krafist annarrar vinnutilhögunar (vaktavinnufyrirkomulags), en voru þvingaðir til að vinna áfram samkvæmt þeim eftir bráðabirgðalög "alþýðustjórnarinnar".

Þessi niðurstaða félagsdóms er túlkun á lögum og þetta er túlkun í þágu yfirstéttarinnar, með öðrum orðum stéttardómur.

Farmenn hafa lýst megnri óánægju með niðurstöður dómsins og samþykktu nauðbeygðir að falla frá yfirvinnubanninu. Þeir bentu einnig á að kjara dómur hafi gengið algerlega framhjá þeirri grein bráðabirgðalaganna, sem fjallaði um, að tillit skyldi tekið til sérstöðu þeirra sem sjómanna.

Það hefði vafalaust verið miklum erfiðleikum háð fyrir farmenn að halda yfirvinnubanninu til streitu og krafist algjörrar samstöðu.

Staða þeirra er erfið því auðherrunum hefur tekist, með aðstoð hlaupasnata sinna í stjórnmálaflokkunum og fjölmiðlum þeirra að koma í veg fyrir stuðning almennings við réttláta baráttu þeirra.

Farmenn hafa beðið stundarósigur. En víst er að þeir munu hefja baráttu á nýjan leik. Farmenn sýndu öðru vinnandi fólki gott fordæmi. Þvingunarlög ríkisstjórnarinnar og úrskurður félagsdóms eru hugsuð sem aðvörun af hálfu yfirstéttarinnar til verkafólks, um að því sé eins gott að fara ekki að taka upp baráttu fyrir kjörum sínum og réttindum.

Frá ritstjórn

Sú meinlega pólitíska villa slæddist inn í myndatexta með annars ágætri grein, að níu menn (ríkisstjórnin) réðu ríkisvaldinu. Þetta er alvarleg villa, sem er á ábyrgð ritnefndar, en ekki höfundar greinarinnar. Ríkisvaldinu ráða að sjálfsögðu ekki neinir níu einstaklingar. Væri það svo, væru kenni kenningar Allaballa réttar um "friðsamlega" þingræðislega leið til sósíalismans. Ríkisvaldinu ræður auðvaldið, og það telur allnokkru meira en þá einstaklinga, sem sitja í ríkisstjórn hverju sinni. Þetta leiðréttist hér með, skv. aðsendri ábendingu. Ritnefnd.

21. ágúst- hreyfingin lögð niður.

Fimmtudaginn 2. ágúst sl. var haldinn fundur í 21. ágúst-hreyfingunni. Á dagskrá var aðallega eitt mál - hvort leggja bæri hreyfinguna niður. Við höfðum samband við Trausta Hauksson í stjórn hreyfingarinnar og spurðum hann, hvað hefði verið ákveðið. Hann sagði okkur að það hefði verið samþykkt að leggja hreyfinguna niður. Ástæðurnar fyrir því kæmu fram í samþykkt, sem gerð hefði verið á fundinum. Bað hann okkur að birta hana orðrétt. Fer hún hér á eftir.

Samþykktin

Liðsfundur 21. ágústhreyfingarinnar, haldinn 2. ágúst 1979, ályktar að hreyfingin sé lögð niður. Jafnframt skorar fundurinn á alla liðsmenn hreyfingarinnar og stuðningsmenn að taka þátt í að gera fyrirhugaðar aðgerðir Samtaka herstöðvaandstæðinga 21. ágúst n.k. sem glæsilegastar.

Tékkóslavnesk alþýða hefur ekki síður þörf fyrir stuðning nú en fyrir 11 árum.

Um leið skorar fundurinn á alla andheimsvaldasinna að ganga til liðs við Samtök herstöðvaandstæðinga í starfi þeirra, enda eru samtökin einu andheimsvalda-innsinnuðu fjöldasamtökin hérlendis.

Liðsfundurinn samþykkir að þær eignir hreyfingarinnar sem Samtökum herstöðvaandstæðinga kann að verða að gagni verði afhentar samtökunum.

ORKA OG OLÍA

Rotterdamsvindlið

Birgðatankar olíuspekúlantanna í Rotterdam eru sneisafullir. Í einu vetfangi hækka þeir olíuverðið svo að það verður tvisvar sinnum hærra en verð það sem OPEC (olíuframleiðandi ríkin) hafði sett sem hámarksverð.

Sannleikurinn um Rotterdam-olíuverðið er sá að það er eitt allsherjar gróðasvindl olíuauðhringanna. Frá skrifborðum olíukónga í Rotterdam er olíuverðinu stýrt, en ekki frá skrifborðum olíukónga olíuframleiðandi ríkjanna.

Um langan tíma hafa OPEC-ríkin unnið markvisst að því að skapa einingu sín á milli um hámarksverð á olíu jafnframt sem þau hafa reynt margar leiðir til þess að hækka verðið. OPEC-ríkin eru flest þriðjaheims ríki, þ.e. fátæk þróunarlönd, sem hafa ekki yfir að ráða fjölbreyttum atvinnuvegum og alls ekki þróaðri iðnaðartækni. OPEC-ríkin hafa langflest þurft að kaupa nær alla tækniþekkingu sína og tæknibúnað til olíuvinnslunnar frá iðnvæddu ríkjum heims, fyrst og fremst Bandaríkjunum og V-Evrópu. Verð á þessari tækni og framleiðslutækjum hefur alls ekki lækkað í verði, heldur þvert á móti-það hefur hækkað mjög mikið. Er því hægt að búast við að OPEC-ríkin haldi verðinu á olíunni lágu og óbreyttu? Verðhækkanir OPEC-ríkjanna eru hvergi nærri því sem nú hefur gerst á Rotterdam-markaði. Ef við berum saman olíuverð OPEC-ríkjanna og annað verð á vörum, þá kemur í ljós að verðhlutfall núna í júní s.l. var næstum því það sama og það var árið 1974. Þetta þýðir að olíuverð OPEC-ríkjanna gerir ekki meira en að halda í við annað verðlag. Hver skyldi svo gróði OPEC-ríkjanna vera af því?



STALDRAÐ VIÐ

"Við kaupum togara eins og bíla" sagði útgerðarmaður einn, eigandi tveggja t ogara. Það var hans athugasemd við deilurnar um togarakaup í kjördæmi sjávarútvegsráðherra. Já, það er munur að vera maður og míga standandi!

En kauði sagði meira í blað þjóðfrelsis og sósíalisma. Hann var spurður, hverju sætti, að togarar hans sigldu með allan afla. Jú, hann sagði dallana vera svo litla og gamla og ófengsæla, að hann yrði að láta þá sigla til að mannskapurinn fengi meira frí. Í siglingum fær nefnilega hluti áhafnar frí.

Ég leit yfir viðtalið. Mig grunar, að einhverjir sem þekkja þessa útgerð gætu sagt okkur ýmislegt annað. Gaman hefði t.d. verið að rabba við eins og einn af áhöfninni.

Hann hefði sagt okkur að útgerðarmenn hugsi nú um aðra en dekkblækurnar, þegar þeir ákvæðu hvort siglt skuli með afla eða ekki.

Hann hefði sagt okkur að gjaldeyririnn skipti útgerðina miklu. T.d. hefði síðari togarinn verið keyptur fyrir gjaldeyri, sem sá fyrri gaf af sér.

Hann hefði sagt okkur, að útgerðarmenn þessir græddu vel á hverri söluferð.

Hann hefði sagt okkur, að oft væri miklu smyglað heim með skipinu úr siglingum. Það væri alls konar varningur fyrir útgerðarfólkið, s.s. mublur og ísskápar. Og það væru sko ekki grænjur af ódýrustu gerð.

Hann hefði sagt okkur, að verðið úti er margfalt á við það sem fæst hér heima. Og svo fái útgerðin strax borgað, ef siglt er.

Hann hefði sagt okkur að útgerðin geti keypt allt til skipsins úti talsvert ódýrar en hér heima, t.d. veiðarfæri olíu, tæki, varahluti, mat og ýmislegt fleira.

En hann hefði einnig sagt okkur, að hitt væri svo sem alveg rétt að það yrði kannski erfitt að fá mannskap á fleytuna ef alltaf væri landað heima. Launamunurinn væri það mikill.

Og hefði skipverjinn sagt okkur allt þetta og ýmislegt fleira, hefðum við þakkað honum kærlega fyrir.

Finnur

Olíuboranir við Ís

Þegar orkukreppan veltur yfir á þann hátt sem nú er að gerast fara hugmyndir og vangaveltur af stað. Þær hugmyndir hafa verið settar fram að hægt verði innan ekki svo ýkja langs tíma að vinna olíu úr olíuberandi jarðlögum á landgrunni Íslands. Er þetta rétt? Hvað tækniþekking framtíðarinnar kemur til með að gera mögulegt er ekki hægt að geta sér til um. Hins vegar er staðan í dag sú að enn er ekki til í heiminum tækniútbúnaður sem gerir það mögulegt á tryggan hátt að bora eftir olíu á svo miklu dýpi úti á reginhafi eins og er umhverfis Ísland. Auk þessa eru önnur náttúruleg skilyrði sem standa í vegi. Þar má nefna að olía sem velkist um í heitum suðrænum höfum brotnar niður á tiltölulega skömmum tíma og er því ekki alvarleg ógnun lífríkinu, nema í mjög miklum mæli sé. Í köldum sjó norðurhafa gerist niðurbrot olíu hins vegar miklu hægar. Tiltölulega lítið magn olíu getur haft verulega skaðleg áhrif á lífríkið. Svif og þörungar í efstu lögum sjávarins er í hættu og þar með fiskar þeir sem á lífverum lifa.

Margvísleg ófyrirsjáanleg vandamál komu á daginn í Norðursjónum. Á þeim stutta tíma sem olíustarfsemin hefur verið í Norðursjónum hefur lífríki sjávarins verið stórskaðað. Fiskveiðar á mörgum svæðum dregist saman eða lagst af. A.m.k. einu sinni hefur komið olíugos (blow out), þar sem mikið magn olíu rann út. Sífelldur olíleki er við nær alla borturna. Þetta á sér stað í Norðursjónum, sem er frekar grunnur og úthafsöldu gætir ekki. Þar eru hins vegar oft krappar kvikur og yfirborðsbárur.

Sú reynsla sem hingað til hefur fengist af olíuvinnslu úr hafsbotni kemur ekki að fullum notum við borun þar sem úthafsöldur ráða og dýpi er miklu meira.

Þegar tillit er tekið til

Líkur á því að olíu sé að finna á landgrunni Íslands eru allmiklar. Rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til þess. Sterkasta ábendingin um að svo sé er e.t.v. þögn rússa um niðurstöður þeirra af rannsóknum á jarðlögum landgrunnsins norður og austur af landinu.





land

þess öryggis sem nú er best við vinnslu olíu úr hafsbotni og þess sem í húfi er ef slys kæmi fyrir, þá er það greinilegt að með því að stefna að olíuvinnslu t.d. hér við land er öllum fiskistofnum við Ísland stefnt í voða. Allt lífríki hafs og stranda er sett að veði í gróðaspili þar sem vinningslíkurnar eru næsta litlar. Það hefur hvergi í heiminum tekist að vinna olíu úr hafsbotni án þess að alvarleg slys hafi komið fyrir. Alls staðar eru aðstæður þó margfalt betri en á hugsanlegu olíuvinnslusvæði við Ísland.





Carter og leiðtogar Evrópu ásaka hvor aðra um eyðslusemi.



Rússlandsolían

Hvers vegna er olíuverð rússaolíunnar miðað við Rotterdammarkaðinn? Því er haldið fram að það sé gert vegna þess að um það hafi verið samið í olíusamningum við rússa. Þetta er alls engin skýring. Það eru margar viðmiðanir sem má nota aðrar en Rotterdam. T.d. má nota viðmiðun við verð það sem OPEC-ríkin ákveða á hverjum tíma sem markaðsverð fyrir olíu. Af hverju er það ekki gert? Einar Karl Haraldsson ritstjóri Þjóðviljans nefnir OPEC-viðmiðun sem hugsanlegan möguleika, en afskrifar hann með því að við hráolíuverðið verði að bæta kostnaði við hreinsun olíunnar og við hvað ætti þá að miða. Já, Einar Karl, við hvað skyldu vinir þínir rússakommarnir miða? Þeir skyldu þó ekki yfirborga mannskapinn í olíuhreinsúnarstöðvunum þegar "Íslandsolían" færi í gegn. Eða skyldu þeir stunda það að selja dýrt, borga lítið kaup og stinga gróðanum í eigin vasa?

"Samningarnir við Sovétmenn um að miða olíukaup við Rotterdam-skráningu voru gerðir fyrir milligöngu olíufélaganna og ráðuneytisstjórana í viðskiptaráðuneytinu í umboði og fyrir áeggjan ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar." Þarna er Einar Karl búinn að finna sökudólginn- það er Geir Hallgrímsson, sem ásamt olíufélögunum græðir á þessu braski. Satt er það, en varla nema hálfur sannleikurinn. Skyldi rússunum vera skítsama um það við hvaða verð er miðað? Varla. Sjálfsagt voru þeir sammála legátum Geirs um að nota þá viðmiðunarskráningu sem gaf báðum mestan gróða. Viðbrögð ríkisstjórnar Geirs og ríkisstjórnar Einars Karls sýna að stefna braskaranna var rétt - báðir fengu gróða og það mikinn og gróðinn var sóttur í vasa alþýðunnar.





UPPSKRIFT RÍKISVALDSINS:

Alþýðan borgi olíuvandann

Hverjar aðgerðir ríkisvaldsins verða í orku- og olíumálum umfram það sem orðið er, mun liggja fyrir innan skamms. Víst er að helstu atriðin verða:

- Ákvörðun um erlendar lántökur.
- Stórfelldur niðurskurður, bæði á framkvæmdum og þjónustu.
- Mjög auknar skattaálögur. Bæði verður um að ræða hækkun beinna skatta og enn meiri hækkun óbeinna skatta, svo sem tolla, vörugjalda og söluskatts.

Aðgerðir þær sem ríkisvaldið mun velta yfir okkur eru til þess ætlaðar að létta atvinnurekendum byrðina, þ.e. að gera þeim kleyft að reka fyrirtæki sín áfram og halda gróðanum óskertum. Það fé sem til þessara hluta er tekið er sótt ofan í vasa vinnandi alþýðu.

Kjarni málsins er sá að til þess að geta haldið þessu óréttláta og gegnum rotna þjóðfélagskerfi sínu gangandi, verður auðvaldið að sækja æ dýpra niður í vasa alþýðunnar. Það krefur hana um vinnuafl hennar, en skammtar henni æ minna til daglegra nauðþurfta. Enda þótt það takist að sýna fram á það með viskulegum útreikningum að launafólk haldi "óbreyttum kjörum" þá segir daglegt líf þess allt annað. Hvað svo sem líður útreikningum hagspekingum ASÍ og VSÍ, þá fá þeir ekki staðist þegar hver og einn einasti launamaður sér og finnur fyrir því að hann fær minna fyrir það sem í launaumslagið er látið hverju sinni. Það er sú staða sem snertir okkur, en ekki hvað þeir reikna í nefndum og ráðum.



Gróði stærstu olíufélaga heims hefur aukist jafnt og þétt frá 1977. Taflan sýnir veltuaukningu þeirra í miljörðum dollara.

LÖND VILJA SJÁLFSTÆÐI – ÞJÓÐIR VILJA FRELSI – ALÞÝÐAN VILL BYLTINGU

21. ágúst – Tékkóslóvakía undir járnhæl

Norska dagblaðið, Klassekampen, málgagn norskra marx-lenínista (AKP(m-l), hefur á undanförnum mánuðum birt allmargar ferðafrásagnir blaðamanna blaðsins, sem hafa verið á ferð um Tékkóslavíu. Verkalýðsblaðið birtir hér kafla úr spjalli blaðamanna Klassekampen við tékkneska rithöfundinn Jan Vladislav. Við hefðum gjarnan viljað flytja meira efni byggt á frásögn blaðamannanna en plássið í Verkalýðsblaðinu leyfir það ekki, því miður.

Við sitjum í stofunni hjá hinum 56 ára gamla tékkneska rithöfundi og útgefanda Jan Vladislav í Prag. Hann er slíkur maður sem gaman er að hitta í hinu kúgandi og niðurdrepandi ástandi sem annars ríkir í Tékkóslavíu.

Vingjarnlegt heimili Vladislavs ber einkenni þess að þar hefur farið fram framleiðin menningarstarfsemi í bráðum einn mannsaldur. Það er sjálfsagt fallegt betrekk á veggjunum, en það er bara ómögulegt að sjá vegna bókahilla sem þekja hvern blett þar sem ekki eru dyr eða gluggar.

Rithöfundurinn Jan Vladislav (Mynd: Klassekampen)

Bitnar mest á æskunni

Hálfklárud handrit, kalkipappír og ritvél komin til ára sinna berjast um plássið á skrifborðinu.

Það verður ekki lokað fyrir túlann á manni eins og Vladislav með því að reka hann úr Rithöfundasambandinu einu sinni eða þrisvar, eða með því að banna bækurnar hans.

Jan Vladislav var einn þeirra fyrstu sem skrifaði undir Charta 77. Þegar tíu formælendur Nefndarinnar fyir ofsótta – VONS – voru handteknir í lok maí, bauð Vladislav sig þegar í stað fram sem nýr formælandi, með allri þeirri áhættu sem því fylgir. Forysta andstöðunnar vildi heldur hafa hann lausan og í bakhöndinni og fékk hann til að halda áfram sinni gráu tilveru. Hann hefur lifað lífinu í skarpri baráttu enda þótt hann hafi aldrei verið pólitískt eða hugmyndafræðilega virkur í venjulegri merkingu.

Við viljum ekki verða ráðherrar

Ég skil ekki af hverju stjórnvöld eru svona hrædd við okkur sem viljum aðeins skrifa og segja það sem við viljum. Við vinnum sem listamenn en ekki stjórnmálamenn. Við erum ekki með ráðagerðir um að steypa stjórninni, við viljum ekki verða ráðherrar.

Sjálfur komst ég upp á kant við stjórnvöldin þegar árið 1948, þegar kommúnistaflokkurinn komst einn til valda. Ég var þá 23 ára gamall, ljóðskáld og stúdent, var að læra mál og bókmenntir. Ég vildi ekki gerast félagi í kommúnistaflokknum, ekki af því ég væri and-kommúnisti heldur af því að ég var ekkert áhugasamur um pólitík og hafði ekkert í flokkinn að gera. Það var ekki samþykkt og ég var rekinn, bæði úr Rithöfundasamtökunum og frá Háskólanum.

Tvisvar hef ég verið tekinn í náðina í Rithöfundasamtökunum. En mér var sparkað burt aftur 1958 og eftir "vorið í Prag" var ég síðast settur út fyrir þegar Husak hafði treyst valdastöðu sína árið 1970.

Barnabækur í náðinni

–Þú hefur aldrei gefið bókmenntirnar upp á bátinn af þessum ástæðum?

Nei, en ég neyddist til að fara aðrar leiðir. Mín eigin ljóðlist hefur verið án vaxtarskilyrða. Þess vegna hef ég lagt mikla stund á þýðingar úr erlendum málum, m.a. nútímaljóð frá Frakklandi og Ítalíu. Og sjálfur hvarf ég að því að skrifa barnabækur. Það var eitt tímabil að auðveldara var að fá barnabækur gefnar út.

Vladislav sýnir okkur nokkrar bóka sinna. Í þessari grein hefur hann hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Barnabækur hans hafa verið þýddar á mörg tungumál.

Það varð vandamál fyrir stjórnvöldin þegar ég varð nafn á alþjóðlegum vettvangi á sama tíma og ég var óæskilegur hér heima. Nokkrar barnabókanna minna fengu alþjóðleg verðlaun. Það hefur komið fyrir að tékknesk yfirvöld hafa gefið út bækur mínar í öðrum löndum, en án þess að nafn mitt stæði á þeim. En eftir að ég hafði undirritað Charta árið 1977, varð allt klárt. Nú má ég ekki skrifa eða birta neitt eftir mig – allavega ekki á löglegan hátt.

Útgáfustarfsemin

–Hvað fæstu við þessa stundina?

Nú er ég í útgáfustarfseminni, segir Vladislav og hlær við um leið og hann dregur fram nýjustu framleiðsluna.

Þetta höfum við séð áður– tékkneskar neðanjarðarbókmenntirnar, bækur sem ekki eru prentaðar í opinberum prentsmiðjum og fara aldrei í bókaverslanir. En á meðan hinar viðurkenndu opinberu bókmenntir verða sífellt þurrari, einstrengingslegri og ólæsilegri starfa hinir raunverulegu rithöfundar og gefa út bækur sínar fjölritaðar á stensil. Bækurnar eru jafnvel fjölfaldaðar með kalkipappír og bundnar inn.

Fyrsta útgáfa – 12 eintök

Það er hægt að gera tólf eintök í einu, segir Vladislav. Ein bókanna sem ég hef verið með í að gefa út kom í 1000 eintökum. Þá getið þið reiknað út hve oft hefur þurft að skrifa hverja bók á ritvél.

Ég hef gefið út 60 bækur á 2 árum. Þær eru eftir ýmsa svartlistaða rithöfunda, mest ungt fólk. Ég vinn líka að því að gefa út sígild ljóðverk, bæði innlend og erlend, en mikill áhugi er fyrir slíku og fer vaxandi. Allt þetta gengur á milli manna á ólöglegan hátt en samt náum við til margra með sumar af bókunum.

Vladislav vill ræða um aðra en sig sjálfan og þá einkum um réttindaleysi og kúgun æskufólksins.

Margir hafa það verra en ég, leggur hann áherslu á. Ég er þrátt fyrir allt orðinn allvel þekktur – og þetta gamall – svo ég fæ að mestu að vera í friði, enda þótt stjórnvöld viti hvað ég fæst við. Ég verð ekki handtekinn – slær í borðið – og hef hingað til fengið að hafa bæði íbúð, bíl og síma í friði.

Glæpaveldið hér í þessu landi mæðir mest á ungu fólki, nafngreindu og ónafngreindu. Til dæmis fékk einn 19 ára gamall strákur eins árs fangelsi fyrir að taka afrit af bók sem ég gaf út. Lögreglan veit að ég rek þetta ólöglega forlag, en MÉR er ekki refsað.

Það virkar eins og það sé ekki eins hættulegt fyrir okkur þessa gömlu – margir okkar eru stimplaðir "óvinir sósíalismans" í eitt skipti fyrir öll. En það sem stjórnin óttast umfram allt annað er uppreisnarneisti meðal æskunnar.

Nú er það svo að fólk erlendis fær að vita um að tíu manns sitja í fangelsi. Það er jú gott og blessað. En þú ættir bara að vita hve mörg myrkraverk og árásir það fær aldrei að heyra um, sem helst eru unnin á þeim sem minnstar varnir geta veitt sér.

Öruggast að þegja

Við ókum með Vladislav í gamla Skódanum hans í gegn um borgina. Hann bandar út höndinni og talar reiðilega um aðstæður yngri kynslóðarinnar í landinu.

Það versta er að það er ómögulegt að gera sér grein fyrir hvað bíður þín. Það er ekki til í dæminu að það sé rökfesta eða réttlæti í kerfinu – það byggist á ótta og undirferli. Það kemur því ekki á óvart að fólk flýr undan öllu því sem hefur með pólitík að gera og finnst það öruggast að þegja um allt sem veldur því angri. Maður veit aldrei hvaða vandræðum maður getur lent í, segir Jan Vladislav – maður sem ekki hikar við að segja sína meiningu og starfa samkvæmt sannfæringu sinni.

(Klassekampen 6/8 79

SKERFUR LESENDA

Sóknarkona skrifar:

Að vera tölur á blaði

Það mátti svo sem við ýmsu búast þegar stjórn Ríkisspítala setti á stofn sérstaka nefnd til að "kanna leiðir til sparnaðar" eins og það heitir svo fínt. Enginn bjóst þó við að nefndin sú fyndi neinar nýjar leiðir. - Það varð heldur ekki raunin.

Fækkun starfsfólks um 3-400 manns í fullu starfi, niðurskurður á aukavinnu, að ógleymdri hinni frægu vinnutímastyttingu, sem á lúsarlegan hátt átti að krækja í yfirvinnugreiðsluna, sem vaktavinnufólk fær fyrir að sleppa kaffitíma sínum!

Sem betur fór brugðust viðkomandi stéttarfélög hart við þessu síðasta, svo sparnaðarnefndin mátti renna á rassinn með það - að svo stöddu. En það verður tæpast lengi friður. Í byrjun næsta mánaðar og fram í október fer starfsfólki á deildum Ríkisspítalanna að fækka. Þeir sem ætla að skipta um vinnu, fara í skóla, hætta að vinna vegna skólabarna, þeir gera það núna. Og þá er semsé dagskipun sparnaðarstjórnar ma: Enginn skal ráðinn í staðinn!

Þetta getur þýtt allt að helmingsfækkun á ýmsum deildum þar sem mannaskipti eru ör. Svo er t.d. á Kópavogshæli þar sem ég vinn. Um síðustu áramót var einmitt sett svona þumalskrúfa á Kópavogshælið og hélst hún fram í júní. Þá var orðið algjört neyðarástand á staðnum. Deildirnar gengu á aukavöktum. Á deild með 12-14 vistmönnum var daglegt brauð að 2-3 starfsmenn væru á morgunvakt og 2 seinnipartinn, og flest af þessu fólki langþreytt af yfirvinnu, allir þreyttir vegna þess álags sem það er að standa uppi með skjólstæðinga sem maður getur hvergi nærri veitt þá umönnum sem skyldi og sem "kerfinu" - þeim sem ráða er skítsama um, fyrir þeim eru vistmennirnir aðeins tölur á blaði. Það erum við starfsfólkið líka, og það tölur sem alltaf eru of háar í augum ráðamanna!

Þetta er sú varnarstaða sem starfsfólk Ríkisspítalanna er sífellt í þó nú keyri um þverbak. Ástandið er misjafnt eftir stofnunum og deildum, að jafnaði verða langlegustofnanir verst úti.

En hvers vegna þarf endilega að ráðast á spítalanna? Ég hefi ekki rekist á það í mínu starfi, og ég þekki marga sem starfa við sjúkrastofnanir, en enginn sem ég hefi talað við kannast við þetta bruðl, þvert á móti. Og þurfi maður sjálfur að nota sér heilbrigðisþjónustu, þá blasir hvarvetna sama við: Of fátt fólk, skortur á faglærður fólki, of lítið pláss, o.s.frv. o.s.frv. - Hver þekkir ekki biðina eftir plássi? Eða læknana sem þú getur fengið að tala við í eina mínútu - eða alls ekkert!

Mér finnst fáránlegt að ætla að klóra yfir skítinn sinn með því að vilja draga úr læknaþjónustu í staðinn eins og t.d. Þjóðviljinn stingur upp á!

Mér finnst nauðsynlegt að starfsfólk Ríkisspítalanna taki nú höndum saman og mótmæli kröftuglega öllum samdrætti í heilbrigðisþjónustu. Það verður að koma í veg fyrir að umræðan fari að snúast um hvar í heilbrigðisþjónustunni eigi að spara - málið er, að þar er engum sparnaði hægt við að koma!

Það er gróðasóknin sem stjórnar þessu þjóðfélagi og því er það löngu viðtekið að þegar kreppir að þá er ráðist á óarðbæra starfsemi og þá sérlega alla félagslega þjónustu. En fyrir hvað erum við að borga? Fyrir Kröflubrask og veisluhöld, að því ógleymdu að í þessu landi er það vinnandi fólk sem ber skattabyrðarnar meðan auðvaldið fær hagstæðar skattareglur gefins frá ríkisvaldinu sínu, sbr. afskriftareglurnar.

Við, starfsfólk ríkisspítalanna, ætlum því að eiga stuðning alls almennings vísan í baráttu gegn þessum áformum. Stéttarfélög okkar, sérlega Sókn og félög sjúkraliða og hjúkrunarfólks ættu nú að fylgja mótmælum sínum eftir, t.d. með því að efna fundar eða ráðstefnu. Við getum margt gert, stofnað baráttuhópa á einstökum stofnunum o.s.frv., en byrjunin er að koma saman og ræða málin. Hér duga engar hefðbundnar "hver í sínu horni" aðferðir!

Skattaþankar

Skattskrár eru nú komnar út á flestum stöðum landsins. Þær eru oft nefndar "mest lesnu bækur sumarsins", þótt fæstir hafi raunar efni á að kaupa þær, heldur verður fólk að láta sér nægja þá úrdrætti sem birtast í dagblöðunum. Skattskrá Reykjavíkur mun t.d. kosta litlar 67 þús. krónur, fyrir þá sem kynnu að hafa áhuga. - En allir fá þó seðil heimsendan, þar sem gjöld þeirra og skuldir við Gjaldheimtuna eru tíunduð.

BEINIR EÐA ÓBEINIR SKATTAR

Ef maður spyr fólk, vinnufélaga og kunningja hvernig því lítist á skattana eru svörin nokkuð misjöfn. Ýmsum þykja skattarnir hafa hækkað en aðrir bera sig vel, segjast hafa svipaða skatta og þeir bjuggust við, hlutfallslega það sama og í fyrra eða jafnvel eitthvað minna. Breytingar á beinu sköttunum síðan í fyrra eru e.t.v. ekki svo miklar. Þó veldur nýtt skattþrep á laun ofan við ákveðið mark auknum tekjuskatti hjá hærra launuðu fólki. En þau gjöld, sem greint er frá í skattskrám eru aðeins lítill hluti af heildarskattheimtu ríkissjóðs. Óbeinir skattar og gjöld, s.s. söluskattur, vörugjald ofl. verða sífellt stærri hluti af skattheimtunni. Er nú svo komið að hlutfall beinu skattanna, þar sem lagt er á eftir framtali manna á eignum og tekjum er aðeins um 20-25% af heildinni. Samanburður á beinu sköttunum núna og t.d. í fyrra eða samanburður við skattheimtu erlendis segja því aðeins hálfa söguna. Óbeinu skattarnir eru lagðir á ýmsar vörur og þjónustu og taka í engu tillit til tekna fólks. Þeir eru því enn óréttlátari en beinir skattar. Af þeim sökum hefur verkafólk lengi krafist afnáms þeirra, og verður sú krafa æ mikilvægari liður í baráttunni gegn árásum ríkisvaldsins á kjör verkafólks.

Í HVAÐ FARA SKATTARNIR?

Ef skoðuð er t.d. Skattskráin í Reykjavík kemur fram að heildargjöld samkvæmt henni eru um 46 milljarðar. Af þeirri heildarupphæð er einstaklingum ætlað að greiða 33,5 milljarða. Þetta eru háar upphæðir og því ekki undarlegt að fólk spyrji í hvað þessir peningar fari. Á fjárlögum er ákveðið í hvað tekjum ríkissjóðs (sem eru mestmegnis skattfé almennings) skuli varið. Ákveðinn hluti fer til ýmissar þjónustustarfsemi s.s. heilbrigðisþjónustunnar, menntakerfisins, tryggginga ofl. Þeir þættir verða þó oft útundan í fjárveitingum ríkisvaldsins á eftir t.d. fjárfestingum í atvinnutækjum, raforkuverum osfrv. Þegar að kreppir hjá atvinnurekendum notar ríkisvaldið einnig skattfé almennings til að hlaupa undir bagga með þeim. Þá er gripið til niðurskurðar, sem bitnar fyrst á þáttum eins og menntakerfi og heilbrigðisþjónustu.

Úr RANJBAR - blaði Íranskra kommúnista

- Eftirfarandi grein er úrdráttur úr lengri grein í Íranska blaðinu RANJBAR (Verkamaðurinn) frá því í júníbyrjun s.l. Greinin fjallar um stöðu kommúniskrar hreyfimgar í Íran og afstöðu hennra til Íslamska lýðveldisins. RANJBAR er málgagn Byltingarsamtakanna í Íran.

•• Þróun byltingarinnar í Íran hefur átt erfitt framdráttar, eins og nú er ástatt, vegna íhlutana risaveldanna og sendisveina þeirra í Íran. Íranskir kommúnistar eru staðfastlega vissir um að alþýðufjöldinn í Íran með byltingareldmóði sínum og undir fána Íslamska lýðveldisins og forystu Imam Khomeini muni eyða öllum erfiðleikum, muni hrinda af höndum sér heimsvaldabrölti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og halda merki byltingarinnar á lofti.

Íranskir kommúnistar telja það víst að leið baráttunnar verði löng og torsótt en um leið segja þeir að framtíðin sé lifandi og björt.

•• "Við kommúnistar studdum og styðjum af heilum hug and-einveldis- og and-heimsvaldastefnu Íslömsku hreyfingarinnar undir forystu Imam Khomeini, hina sigursælu Íslömsku byltingu og Íslamska lýðveldið. Við erum óaðskiljanlegur hluti þessarar and-heimsvalda- og and-einveldishreyfingar og ekkert fær skilið okkur frá eða sett okkur til hliðar."

Kommúnistar eru lítill minnihluti í Íran. Fræðikenning marxismans er enn lítið kunn meðal fjöldans. Ástæðurnar sem RANJBAR telur helstar fyrir þessu eru:

- Í fyrsta lagi er marxisminn enn ekki mótuð stefna við íranskar aðstæður og hefur ekki tengst félagslegum og menningarlegum aðstæðum í Íran.
- Í öðru lagi er sú ástæða talin að Sovétríkin sem áður voru sósíalísk eru nú orðin heimsvaldasinnað risaveldi. Nú reynir sovéska heimsvaldastefnan að ná tangarhaldi á Íran. Það að Sovétríkin sigla undir fölsku flaggi, kalla sig "sósíalískt ríki" hefur orðið til þess að sá vantrú á sósíalisma meðal alþýðunnar. Alþýðan vill ekki skipulag eins og í Sovétríkjunum en stendur í þeirri trú að þar sé sósíalismi. Þetta veldur því einnig að alþýðan er lítt fús til að kynna sér skoðanir þeirra sem raunveru-

framhald á baksíðu

Við erum óaðskiljanlegur hluti Íslömsku hreyfingarinnar



„Norðmenn héldu því mjög stíft fram að Sovétríkin myndu koma og veiða loðnu í stórum stíl, og það væri til að verja sameiginlega veiðihagsmuni Norðmanna og Íslendinga gegn slíku sem Norðmenn ættu að fá 200 mílur við Jan Mayen.

Nú er hinsvegar ljóst að hvorki Sovétmenn né neinar aðrar þjóðir munu bætast í loðnuveiðarnar svo að Norðmenn hafa ekki lengur þá aðalröksemd sína fyrir útfærslu við Jan Mayen. Þá virðist sem þeir ætli að grípa til þeirra vinnubragða að fara að hóta Íslendingum að úr því að það „bregðist" að Sovétflotinn komi þá muni Norðmenn gera eigin veiðar að þeirri ógn sem Sovétveiðarnar áttu að vera, og ætli sér að knýja Íslendinga með hótunum til að fallast á óaðgengilega samninga."

Jan Mayen:

Á hverju byggir þessi afstaða Ólafs Ragnars? Á einasta upplýsingum frá Sovétríkjunum? Varla. Á þeirri pólitík að vinna ekki gegn hagsmunum Sovétríkjanna? Líklegast.

Ólafur Ragnar ber blak af Rússum

Úrklippan hér að ofan er úr viðtali við Ólaf Ragnar Grímsson alþm. í Þjóðviljanum 8. ágúst. Það er staða Alþýðubandalagsins sem þar kemur fram. Þarna fullyrðir Alþýðubandalagið að Sovétmenn séu alls ekki á höttum eftir loðnu, né heldur aðrir en Norðmenn og Íslendingar. Á hverju byggir þessi afstaða Ólafs Ragnars? Á einasta upplýsingum frá Sovétríkjunum? Varla. Á þeirri pólitík að vinna ekki gegn hagsmunum Sovétríkjanna? Líklegast.

Afstaða Ólafs Ragnars og Alþýðubandalagsins til Jan Mayen-málsins er gott dæmi um þá stefnu sem leiðir smáþjóðir til ósigurs fyrir risaveldunum. Það er horft fram hjá öllum staðreyndum varðandi afstöðu og stefnu rússneska bjarnarins í fiskveiði- og hafréttarmálum á undanförnum árum. Hver var afstaða rússa til friðunar norsk-arktíska þorskstofnsins? Þeir rufu allar samþykktir þegar ekki var gengið að fullu að kröfum þeirra um hámarksafla, sem voru langtum hærri en annarra þjóða sem að samkomulaginu stóðu. Hverjar eru veiðiaðferðir rússa í Barentshafinu? Þar veiða þeir ungviði jafnt sem stærri fisk í troll sem eru með svo litla möskva að KGB(sovéska leyniþjónustan) getur varla kíkt í gegnum þá. Hver var afstaða rússa á hafréttarráðstefnum Sameinuðu þjóðanna þegar Íslendingar voru að færa út landhelgina í 50 og 200 mílur? Jú, þar stóðu þeir gegn öllum hugmyndum um stækkun fiskveiðilögsögu og efnahagslögsögu. Þá fyrst að stór meirihluta þjóða heims voru í þann veginn að færa út eða búnar, gerðu risaveldin tilslakanir á afstöðu sinni.

Rússar ætla að veiða loðnu á því hafsvæði sem liggur innan 200 mílna Jan Mayen og allan þann fisk sem þar kann að finnast - á meðan þeir hafa frið til þess og þeir geta gert það. Það segir reynslan okkur um gerðir þeirra.

Afstaða Ólafs Ragnars og Alþýðubandalagsins þjónar fyrst og fremst hagsmunum risans í austri.

Smáríkin og 200 mílur

Í samanburði við Ísland er Noregur ekki smáríki. En í samanburði við Sovétríkin og A-Evrópu ríkin eru bæði Ísland og Noregur smáríki.

Því var haldið stíft á lofti hér á árunum áður, þegar landhelgisdeilur stóðu sem hæst að útfærsla fiskveiðilögsögu og setning efnahagslögsögu í 200 mílur, að slíkt væri þarfaþing fyrir smáríkin til að verja lífshagsmuni sína og aðra hagsmuni gegn ágangi stórvalda. Það var hvatt til samvinnu milli smáþjóða um að leysa þessi mál á gagnkvæman hátt.

Hér á árunum áður gengu sunir Alþýðubandalagsmenn í fararbroddi fyrir þeirri stefnu að ná aukinni samvinnu við hin Norðurlöndin um fiskveiðar og verndun fiskistofna. Borin var fram á þingi tillaga um friðlýsingu N-Atlandshafsins til að forða því frá hernaðarskaki risaveldanna. Þá kom ekki fram efarödd um fullan rétt Norðmanna til yfirráða yfir Jan Mayen. Það er einmitt í krafti slíks réttar, sem Norðmönnum er fyllilega stætt á því að setja upp 200 mílna lögsögu við Jan Mayen.

Höfuðatriði málsins, er samt það, að í stað þess að deila um 200 mílna lögsögu við Jan Mayen verða Norðmenn og Íslendingar að sameinast um þá lausn, sem lokar svæðinu fyrir ágangi þeirra stóru flota sem stefnt er þangað frá Sovétríkjunum og A-Evrópu. Slíkt er forsenda þess að hægt sé að koma sér saman um hvernig aflakvótum skuli skipt milli Noregs og Íslands. Það þjónar þessum smáríkjum báðum best að Ísland virði rétt Noregs til 200 mílna við Jan Mayen og að Noregur teki tillit til þeirra mikilvægu hagsmuna sem Ísland hefur að gæta af veiðum á svæðinu. Að Noregur geri ekki kröfu til þess að miðlínan gildi þar sem lögsögur mætast.

Það stendur enn að á meðan Ísland og Noregur deila græðir Brésneff á tá og fingri. Það færi betur að smáríkin Noregur og Ísland ynni saman gegn gráðugri ágengni risans.



BERNHÖFTSTORFAN FRIÐUÐ

Barátta Torfusamtakanna hefur loksins borið árangur Ragnar Arnalds menntamálaráðherra hefur nú tekið af skarið og komið um kring opinberri friðlýsingu Torfunnar. Verkalýðsblaðið fagnar þessari friðlýsingu sem góðum áfanga í baráttu fyrir verndun gamalla húsa.

Framhald af forsíðu

Samtök herstöðvaandst..

Úlfur sagði, að 1. ágúst hefði starfshópur boðað til liðsmannafundar og þar hefði verið ákveðinn kjörorðagrundvöllur og meginatriði aðgerða. Aðgerðir munu hefjast síðdegis framan við tékkneska sendiráðið. Þar verður stutt dagskrá, en síðan gengið áleiðis til miðborgarinnar. Á Laufásvegi verður aðeins staldrað við, hjá bandarísku sendiráðinu, og úr miðborginni verður gengið upp á Túngötu þar sem sovéska sendiráðið er.

Úlfur sagði okkur að meginvandamál starfshópsins væri að fá fólk til starfa. Kvaðst hann gjarnan vilja koma þeirri beiðni á framfæri við sem flesta andstæðinga hernámsins, að þeir leggðu þessu máli lið. Mikið starf væri fyrir höndum við dreifingu dreifirita, sölu merkja og annað áróðursstarf.

Iran

Framhald af bls. 7

lega eru sósíalistar og berjast fyrir fullu sjálfstæði Írans. Fólk heimfærir kommúnismann upp á Sovétríkin vegna áróðurs Sovétríkjanna og sendisveina þeirra í Tudeh-flokknum og það tekur afstöðu gegn stefnu þeirra vegna þess slæma fordæmis sem Tudeh-flokkurinn er.

- Í þriðja lagi veldur það illum bifur meðal fólks á sósíalismanum að Tudeh-flokkurinn rak fyrr á árum og gerir enn, stefnu sem leiddi til þess að barátta fjöldans var kæfð, en flokkurinn gætti fyrst og fremst hagsmuna Sovétríkjanna.

•• Það mun kosta mikla baráttu áður en alþýðufjöldinn fær að gera skýran greinarmun á þjóðhollum og heiðarlegum kommúnistum og sendisveinum rússnesku heimsvaldastefnunnar.

Markmið okkar er stéttlaust þjóðfélag, segja írönsku marx-leníninstarnir. Íslamska byltingin nú er eitt skref í áttina að þessu markmiði. Enn fleiri byltinga er þörf. Áhrifa heimsvaldasinna verður að eyða, þjóðlegu borgarastéttinni og restinni af lénsveldinu að eyða sem þjóðfélagsöflum. Fleiri byltingar af þeirri tegund sem nú er í gangi og umfangsmeiri verða að fylgja í kjölfarið áður en markmiðinu er náð.

Íran framtíðarinnar mun fæðast á grunni fortíðar og nútíðar. Menning okkar í framtíðinni verður ekki aðskilin frá menningu okkar núna, við getum ekki slitið þjóðfélag okkar úr tengslum við Íslam, byltingarsinnað Íslam, Íslam baráttunnar hefur sett brennimerki sitt á þjóðfélag okkar.
Fáni Íslamska lýðveldisins er fáni baráttu gegn heimsvaldastefnu, sérstaklega risaveldunum tveim.

Greinin í Íranska Verkamanninum hvetur til einingar allrar alþýðu gegn erlendri íhlutun. Það er lykilatriðið til þess að tryggja að byltingin nái að þroskast og bera alþýðunni ávexti.

Íranskir kommúnistar styðja forystu Imam Khomeini. Þeir eru ekki í vafa um að við þær aðstæður sem nú ríkja, er sú stefna sem leidd er af Khomeini sú sem tryggt getur áframhaldandi byltingu í landinu. Byltingin þar sem öll mál eru útkljáð meðal íbúa landsins án íhlutunar erlendra. Þetta er grundvallarforsenda þess að framsækinni alþýðu Írans takist að búa sig undir sósíalíska byltingu og uppbyggingu sósíalisma.

.....LÍTIL SAGA FRÁ PRAG.....

Það var kominn 25. ágúst. Árið er 1968. Staðurinn er miðborg Prag, nánar tiltekið við múra kastala nokkurs. Lítil stúlka stendur uppi á múrnum og hoppar og dansar. Rússneskur hermaður gengur varðgöngu í grennd við múrinn. Rússneski hermaðurinn sér stúlkuna og grunsemdir vakna. Er hún að gefa andspyrnuliðinu merki? Múrinn er hár. Hermaðurinn hleypur við fót að tröppum sem leiða upp á stallinn þar sem stúlk stúlkan litla er að leik. Þegar hann nálgast stúlkuna heyrir hann að hún hoppar og við hvert hopp nefnir hún töluna 21. Rússneska rökvísin segir hermanninum að þarna sé eitthvað gruggugt að gerast að rússnesk slægð segir honum að fara varlega.

Hermaðurinn gengur rólega til stúlkunnar og spyr kumpánlega.

- Stúlka litla, af hverju hoppar þú og segir alltaf sömu töluna? Er það ekki 21 sem þú nefnir?

Jú, það er rétt segir stúlkan. Sjáðu. Hún bendir rússneska hermanninum niður fyrir múrinn.

Hermaðurinn beygir sig fram yfir brúnina.

Litla stúlkan hoppar á ný og segir tuttugu og tveir um leið og hún ýtir varlega á sitjanda hermannsins sem svífur niður til hinna félaga sinna 21 að tölu.

ÁBYRGÐARMAÐUR: Albert Einarsson

1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskr.: - 1750
Til útlands : - 5500
Stuðningsáskr: - 5000

Póstfang: Pósthólf 5186 Reykjavík
Sími : 28962
Skrifstofan Baldursgötu 7A er opin þriðjudaga kl. 17-1

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík